

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1974.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1974:

Loðnumjöl, \$ 8.25 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 372.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verði ekkert.

Verðið miðast við cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 87.00.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá verðgrunni þessum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1 Kr. 16.96 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 4.96 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 2 515.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 74.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW., og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun:

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 16.96 hver kWst. til ljósa og kr. 3.98 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 3.23 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 25.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértexti Sundlaugar Akureyrar, kr. 3.21 á kWst. og fastagjald, ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.